

Bæjarstjóri, bæjarfulltrúar og aðrir gestir.

Ég heiti Helena Rut og er í Ungmennaráði Akraness fyrir hönd ungmenna.

Ég, eins og aðrir fulltrúar ungmennaráðsins, tók þátt í ungmennaping hér á Akranesi fyrir jólin.

Þar var rætt um Akrafjallið.

Þar voru sagðir góðir hlutir en einnig var nefnt að þurfi að bæta gönguleiðir við fjallið.

Sumar leiðirnar geta verið hættulegar. Sérstaklega þar sem er bratt niður.

Gera mætti þrep þar sem er mikill bratti.

Líka mætti setja spýtur á gönguleiðir þar sem hálka getur myndast.

Fyrir þá sem eru ókunnugir væri líka hægt að setja stikur svo að þeir rati upp fjallið og niður aftur.

Ég vona að þessar tillögur komi að góðum notum og verði teknar til skoðunar.

Ég vil enda á því að þakka fyrir mig.

Takk.